# AUGLÝSING

**um samkomulag við Sameinuðu arabísku furstadæmin um gagnkvæma viðurkenningu ökuskírteina.**

Samkomulag milli Íslands og Sameinuðu arabísku furstadæmanna um gagnkvæma viðurkenningu ökuskírteina, sem gert var í New York 27. september 2018, öðlaðist gildi 26. nóvember 2018.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 11. janúar 2023.*

**Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.**

*Martin Eyjólfsson.*

**Fylgiskjal.**

SAMKOMULAG MILLI
ÍSLANDS
OG
SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMANNA
UM GAGNKVÆMA VIÐURKENNINGU ÖKUSKÍRTEINA SEM GEFIN ERU ÚT AF
SAMEINUÐU ARABÍSKU FURSTADÆMUNUM OG LÝÐVELDINU ÍSLANDI

*Formálsorð*

Innanríkisráðuneyti Sameinuðu arabísku furstadæmanna og ríkisstjórn Íslands, hér á eftir nefnd „aðilar“,

sem hafa trú á miklum tengslum milli landanna tveggja og óska þess að greiða fyrir för ríkisborgara sinna, sem eru handhafar ökuskírteina sem gefin eru út af viðkomandi lögbærum yfirvöldum í löndum þeirra, meðan á heimsókn þeirra eða búsetu stendur á yfirráðasvæði lands hins aðilans,

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.
*Almenn ákvæði.*

Til framkvæmdar þessu samkomulagi skal hvor aðili um sig viðurkenna gild ökuskírteini gefin út af hinum aðilanum til ríkisborgara sem koma í öðrum tilgangi en til búsetu svo fremi að handhafi ökuskírteinisins uppfylli kröfur um lágmarksaldur sem hinn aðilinn mælir fyrir um fyrir mismunandi flokka ökuskírteina.

2. gr.
*Málsmeðferð og skilyrði.*

Þegar um er að ræða ríkisborgara sem koma til að hafa búsetu skal hvor aðili um sig veita einstaklingi, sem sækir um að skipta út ökuskírteini sem hinn aðilinn hefur gefið út, undanþágu frá því að taka fræðileg og verkleg próf í tengslum við það. Þessi undanþága skal takmarkast við ökuskírteinisflokka fyrir bifhjól og létt ökutæki. Fyrir alla aðra flokka, einkum þungar vörubifreiðar, eftirvagna og hópbifreiðar, skal áfram þurfa að standast viðkomandi fræðileg og verkleg próf sem gert er ráð fyrir í landslöggjöf hins aðilans. Í öllum tilvikum verður umsækjandinn að standast læknisskoðanir sem hvor aðili um sig gerir ráð fyrir. Í landslöggjöf hvors aðila um sig er skilgreint innan hvaða tímabils, frá þeim degi sem handhafinn tekur sér búsetu í landi hins aðilans, skipti á ökuskírteinum verða að fara fram.

Tegundir ökuskírteina sem skipt er út samkvæmt eftirfarandi töflu:

| **Sameinuðu arabísku furstadæmin** | **Lýðveldið Ísland** |
|---|---|
| **Flokkur** | **Flokkur** |
| - Bifhjól | AM - Ökutæki á tveimur eða þremur hjólum með hámarkshönnunarhraða sem er ekki meiri en 45 km/klst., eins og þau eru skilgreind í a-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB frá 18. mars 2002 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum ([1]), (þó ekki ef þau eru með hámarkshönnunarhraða sem er minni eða jafnmikill og 25 km/klst.) og létt fjórhjól eins og þau eru skilgreind í a-lið 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 2002/24/EB.<br>A - Bifhjól með eða án hliðarvagns og bifhjól á þremur hjólum: |

| | |
|---|---|
| | • „bifhjól“: ökutæki á tveimur hjólum, með eða án hliðarvagns, eins og þau eru skilgreind í b-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2002/24/EB,<br>• „bifhjól á þremur hjólum“: ökutæki á þremur samhverfum hjólum, eins og þau eru skilgreind í c-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2002/24/EB. |
| - Létt ökutæki sem er ekki yfir 2,5 tonn í heild. | B - vélknúin ökutæki þar sem leyfilegur hámarksmassi er ekki yfir 3 500 kg og sem eru hönnuð og smíðuð fyrir flutning á ekki fleiri en átta farþegum auk ökumanns; ökutæki í þessum flokki má tengja við eftirvagn þar sem leyfilegur hámarksmassi er ekki meiri en 750 kg.<br>Með fyrirvara um ákvæði í reglum um gerðarviðurkenningu fyrir viðkomandi ökutæki má tengja við ökutæki í þessum flokki eftirvagn með leyfilegan hámarksmassa yfir 750 kg, að því tilskildu að leyfilegur hámarksmassi þessa samtengda ökutækis fari ekki yfir 3 500 kg. |

3. gr.

*Skilyrði fyrir skiptum.*

Skilmálar og skilyrði þess að hægt sé að skipta út ökuskírteinum eru eftirfarandi:

1. Sá sem sækir um að skipta út ökuskírteini skal hafa undir höndum gilt dvalarleyfi.
2. Ökuskírteinið verður að vera í gildi.
3. Umsækjandinn verður að uppfylla kröfur um lágmarksaldur sem báðir samningsaðilar mæla fyrir um fyrir hina mismunandi flokka ökuskírteina.
4. Ökuskírteini sem verður skipt út verður að vera í samræmi við samþykkt sýnishorn.
5. Í stað ökuskírteinis umsækjenda ætti að koma jafngild tegund ökuskírteinis skv. töflunni í 2. gr.
6. Sá sem sækir um skipti á ökuskírteini verður að leggja fram löggilta þýðingu á ökuskírteininu frá löggiltri þýðingastofu.
7. Umsækjandinn verður að standast tilskilda læknisskoðun.
8. Skipti á ökuskírteinum eru með fyrirvara um hvers konar aðra skilmála sem þarf að uppfylla samkvæmt landslöggjöf beggja aðila.
9. Ökuskírteini sem skipt hefur verið út skal sent útgáfuyfirvaldi í hinu landinu eftir diplómatískum leiðum.
10. Ákvæði þessa samkomulags gilda ekki um þá handhafa ökuskírteina, sem aðilarnir gefa út, sem ekki eru ríkisborgarar.

4. gr.

*Gildi ökuskírteinis.*

Ef einhver vafi leikur á því að ökuskírteini, sem lagt er fram til að skipta út, sé gilt eða ósvikið getur lögbæra yfirvaldið sem annast skiptin farið fram á að lögbært yfirvald hins samningsaðilans staðfesti að skírteinið sé gilt eða óskvikið eftir diplómatískum leiðum.

5. gr.

*Ökuskírteini, umferðarlög og -reglur.*

1. Hvor aðili um sig skal umsvifalaust tilkynna hinum aðilanum um hvers konar breytingar á landslöggjöf sinni varðandi ökuskírteini eða umferðarlög og -reglur eða varðandi lögbær yfirvöld eftir diplómatískum leiðum.
2. Til að framkvæma þetta samkomulag skal koma á samstarfi eftirfarandi aðila:

a - fyrir Sameinuðu arabísku furstadæmin:
- Innanríkisráðuneytið - Aðalskrifstofa sem sér um samræmingu umferðar,

b - fyrir ríkisstjórn Íslands:
- Samgönguráðuneytið – Samgöngustofa.

6. gr.
*Uppgjör.*

Allar deilur sem upp koma vegna beitingar samkomulags þessa skulu leystar með samninga-viðræðum og samráði milli aðilanna eftir diplómatískum leiðum.

7. gr.
*Gildistaka og uppsögn.*

1. Samkomulagi þessu skal beitt til bráðabirgða frá þeim degi er það er undirritað. Samkomulagið skal taka gildi (60) dögum eftir undirritunardag þess og gilda um óákveðinn tíma.
Heimilt er að breyta skilmálum þessa samkomulags með gagnkvæmu, skriflegu samþykki beggja aðila.
Hvor aðili um sig getur sagt þessu samkomulagi upp með skriflegri tilkynningu til hins aðilans með þriggja mánaða fyrirvara, eftir diplómatískum leiðum, þar sem fram kemur sú fyrirætlan hans að segja samkomulaginu upp.

Gjört í New York hinn 27/9 2018 í tvíriti. Hvort um sig á arabísku, íslensku og ensku. Allir textarnir eru jafngildir. Ef ágreiningur rís um túlkun skal enski textinn ráða.

MEMORANDUM OF UNDERSTANDING ON MUTUAL RECOGNITION
OF DRIVING LICENCES ISSUED
BY THE UNITED ARAB EMIRATES AND THE REPUBLIC OF ICELAND

*Preamble*

The Ministry of Interior of the United Arab Emirates and the Government of Iceland hereinafter referred to as "the parties".

Believing in deep relations between the two countries with desire to facilitate the movement of their citizens, who are holding driving licenses issued by respective competent authorities of their countries during visit or residence in the territory of the country other Party,

Have agreed the following:

Article 1

*General Provisions.*

For the purposes of implementing this Memorandum of Understanding, each Party shall recognize a valid driving license issued by the other Party to those citizens, who arrive not for the purpose of residence, provided that the holder of the driving license fulfills the requirements of minimum age laid down by the other Party for the different driving license categories.

Article 2

*Procedures and Conditions.*

For citizens who arrive for the purpose of residence, each party shall exempt the applicant for exchange of a driving license issued by the other Party from the related theoretical and practical tests. This exemption shall be limited to driving license categories for motorcycle and light vehicle. All other categories, notably those for heavy trucks, trailers and buses, shall remain submitted to pass the related theoretical and practical tests foreseen by national legislation of the other Party. In any case, the applicant has to pass the medical exams foreseen by each of the two Parties. The period of time during which the exchange of driving licenses has to take place, starting from the date on which the holder has taken up residence in the country of the other Party, is defined by national legislation of the respective Party.

Types of driving licenses are exchanged according to the following table:

| **United Arab Emirates** | **Republic of Iceland** |
|---|---|
| **Category** | **Category** |
| - Motor cycle | AM – Two wheel vehicles or three wheel vehicles with maximum design speed of not more than 45 km/h, as defined in article 1(2) (a) of directive 2002/24/EC of the European Parliament and of the council of 18 march 2002 relating to the type approval of two or three wheel motor vehicles (1) (excluding those with a maximum design speed under or equal to 25 km\h), and light quadricycles as defined in Article 1 (3) (a) of directive 2002/24/EC.<br>Motorcycles with or without a sidecar and motor tricycles:<br>• “Motorcycle” means two- wheel vehicles with or without a sidecar, as defined in Article 1(2) (b) of directive 2002/24/EC.<br>• “Motor tricycle” means vehicles with three symmetrically arranged wheels, as defined in Article 1(2) (c) of directive 2002/24/EC. |

| | |
|---|---|
| - Light vehicle, the net is not exceeding 2.5 tons. | B – motor vehicles with a maximum authorized mass not exceeding 3500 kg and designed and constructed for the carriage of no more than eight passengers in addition to the driver; motor vehicles in this category may be combined with a trailer having a maximum authorized mass which does not exceed 750 kg.<br>Without prejudice to the provisions of types – approval rules for the vehicles concerned, motor vehicles in this category may be combined with a trailer with a maximum authorized mass exceeding 750 kg, provided that the maximum authorized mass of this combination does not exceed 3500 kg. |

Article 3

*Conditions of Exchanging.*

The terms and conditions under which driving licenses can be exchanged, are the following:

1. The applicant for exchanging a driving license shall hold a valid resident permit.
2. The driving license must be valid.
3. The applicant must fulfill the minimum age requirements laid down by both contracting parties for the different driving license categories.
4. The driving license which will be exchanged, must be according to the approved samples.
5. The driver's license of the applicants should be replaced with equivalent type of driving license as stipulated in the table of Article 2.
6. The applicant for exchanging the driving license must submit a legal translation of the driving license issued by any certified legal translation bureau.
7. The applicant must pass the required medical examination.
8. The exchange of driving licenses is subject to any other terms that are required according to the national legislation of both parties.
9. Replaced driving license shall be sent to issuing authority in the other country through diplomatic channels.
10. The provisions of this Memorandum of Understanding shall not apply to the noncitizens of the holders of driving licenses issued by both Parties.

Article 4

*The Validity of Driving License.*

In case of any doubts related to the validity or authenticity of a driving license submitted for exchange, the competent authority carrying out the exchange may request the competent authority of the other contracting party to verify the validity or the authenticity of that driving license through diplomatic channels.

Article 5

*Driving License, Traffic laws and regulations.*

1. Each party shall promptly inform the other party of any changes or amendments in its national legislation on driving licenses or traffic laws and regulations or competent authorities through diplomatic channels.

   For implementing this Memorandum of Understanding, cooperation shall be made:

   a - For the United Arab Emirates:

   - Ministry of Interior – General Directorate of Traffic Coordination.

   b - For the Government of Iceland:

   - Ministry of Transport – Icelandic Transport Authority.

Article 6

*Settlement.*

All disputes arising from the application of this Memorandum of Understanding shall be settled by negotiation and consultation between both parties through diplomatic channels.

Article 7

*Entry into force and termination.*

1. This Memorandum of Understanding shall be provisionally applied from the date of its signature. This Memorandum of Understanding shall enter into force after (60) days from the date of signature and will remain valid for an indefinite period.
   The terms of this Memorandum of Understanding may be amended by mutual written consent of both parties.
   Either party may terminate this Memorandum of Understanding by giving three months advance written notice to the other party through diplomatic channels by indicating its intention to terminate this Memorandum of Understanding.

Done at New York on 27/9 2018 in duplicate copies, each in Arabic, Icelandic and English languages, all texts being equally authentic. In case of divergence of Interpretation , the English text shall prevail.

---

C-deild – Útgáfudagur: 3. maí 2024